



Skýrsla stjórnar Myndstefs. Lögð fram af formanni á aðalfundi samtakanna 13. júní 2018

1. Styrkúthlutanir

Á árinu 2017 samþykkti stjórn Myndstefs upphæðir á styrkjum í samráði við endurskoðanda samtakanna. Hann ráðlagði Myndstef að draga örlítið úr heildarupphæð styrkja, en þess má geta að árin áður höfðu styrkirnir verið hækkaðir verulega vegna ábendingar endurskoðenda um að rétt væri að ganga á þá sjóði sem styrkirnir eru veittir úr.

Úthlutaði Myndstef 6.000.000 kr. í styrki árið 2017, sem var rúmlega tveggja milljóna króna lækkun á styrkjum frá árinu 2016. Ákveðið var að upphæð hvers styrks héldist sú sama, en færri styrkir veittir.

Í heildina var um að ræða verkefnastyrki þar sem hver styrkupphæð nam kr. 300.000.- og var alls úthlutað 15 slíkjum styrkjum, samtals að upphæð kr. 4.500.000.- Ennfremur var úthlutað 10 ferða- og menntunarstyrkjum, hver styrkur að upphæð kr. 150.000.- eða samtals kr. 1.500.000.-.

Veittur var einnig áður umsaminn styrkur í ferða- og dvalarsjóðinn Mugg að upphæð 400.000.-.

Myndstef hélt áfram að styrkja SÍM mánaðarlega til reksturs að upphæð 45 þúsund eins og samið var um á árinu 2013. Styrkurinn er veittur úr fylgiréttarsjóði og mun verða endurskoðaður árlega.

Ekki hefur enn verið tekin ákvörðun um það af hálfu stjórnar Myndstefs hversu miklum fjármunum verði varið í styrkveitingar á þessu ári, en sú ákvörðunartaka er í höndum stjórnar Myndstefs. Gera má þó ráð fyrir að styrkirnir verði bæði hækkaðir og þeim fjölgað frá fyrra ári í ljósi betri stöðu sjóðsins

2. Samningamál

Frá síðasta aðalfundi hefur verið lokið við heildarsamning við eftirfarandi aðila;

- **SÍK** (Samtök íslenskra kvikmyndaframleiðanda), vegna birtinga á höfundaréttarvörðum verkum í kvikmyndum og sjónvarpsþáttum.
- **Íslenska barinn**, vegna notkunnar á verki Einars Jónssonar í merki staðarins.
- **Austurbæjarbíó**, vegna sýningar fyrir ferðamenn.

Fleiri samningar eru í vinnslu, meðal annars við;

- **Alþingi**, vegna birtinga verka í eigu Alþingis á Sarpur.is
- **Þingvallarnefnd**, vegna sýningar.

Frá því er að segja að stærsta samkomulag sem Myndstef er með í vinnslu er samkomulag við Safnaráð og söfn undir safnaráði vegna endurbirtinga verka listasafna á Sarpur.is. Hann er ekki fullfrágenginn en er í vinnslu.

3. Kynningar og málþing

Eitt af mikilvægum hlutverkum Myndstefs er fræðsla, bæði fyrir höfunda og notenda hugverka.

Árið 2017 hélt Myndstef kynningu fyrir Samband íslenskra auglýsingastofa (SÍA) þar sem Harpa Fönn hélt áhugaverða kynningu fyrir eigendur auglýsingastofa.

Í september stóðu Bandalag íslenskra listamanna og samstarfshópur höfundaréttarsamtaka, sem Myndstef er hluti af, fyrir málþingi sem bar heitið ‚Höfundaréttarstefna – Til hvers?‘. Tilgangur málþingsins var halda áfram þeirri vinnu sem hófst 2014 við að móta framtíðarsýn um hugverkaréttindi, en til er opinber hugverkastefna ríkisins fyrir árin 2016-2022 og heitir ‚Hugverkaréttindi sem verðmæti og viðskiptatæki‘. Vel var mætt af höfundum, alþingismönnum, sérfræðingum og öðrum.

Þess ber að geta að sami samstarfshópur hefur nú staðið fyrir 4 málþingum, fyrirlesturum og stefnt er að því að efla þessa samvinnu enn frekar.

Ekki tókst að vera með frekari kynningar eða fræðslu á árinu 2017 vegna fæðingarorlofs Hörpu Fannar, en ljóst er að frekari fræðsla er nauðsynleg og samtökin reyna eftir fremsta megni að standa fyrir því.

4. Fylgiréttargjöld

Á árinu 2017 námu innheimt fylgiréttargjöld rúmlega 18 og hálfri milljón og voru rúmlega 9 milljónir greiddar til viðeigandi höfunda. Tæplega 4 milljónir runnu til starfslaunasjóðs.

Skil frá flestum galleríunum gengur ágætlega en þrátt fyrir það eru enn mál sem skrifstofan vinnur að nú í dag. Helst ber að nefna að skil frá stærsta gallerí landsins hefur dregist óeðlilega mikið. Þrátt fyrir þrýsting og áminningar frá skrifstofu og formanni Myndstefs. Því er svo komið að ef viðkomandi aðili verður ekki við tilmælum Myndstefs verður fljótlega farið í nauðsynlegar innheimtuaðgerðir, sem kosta þó skrifstofuna mikinn tíma.

5. Aðild Myndstefs að Fjölís og IHM

Myndstef á aðild að Fjölís og fulltrúa í stjórn. Rekstur Fjölís hefur gengið vel þar sem endurnýjaðir hafa verið flestir samningar, tekjur hafa aukist um 24,5% undanfarin tvö ár og rekstrarkostnaður lækkað um 35%. Heildartekjur Myndstef árið 2017 skv. úthlutunum frá Fjölís námu kr. 19.053.648 og eru horfur á að tekjur félagsins verði svipaðar á komandi árum. Rekstrarumfang Fjölís hefur dregist verulega saman á undanförunum árum með endurnýjun og endurgerð samninga og er nú sinnt af framkvæmdastjóra í hlutastarfi og skrifstofa félagsins hýst hjá Félagi íslenskra bókaútgefenda.

Myndstef hefur einnig haft tekjur frá IHM, Innheimtumiðstöð gjalda sem innheimtir höfundarréttarbætur fyrir sjónvarpsútsendingar annars vegar og hins vegar fyrir fjölföldun einstaklinga og hefur tekjustofninn verið af óskrifuðum DVD og CD geisladiskum. Árið 2017 hækkuðu greiðslur frá ríkinu til IHM vegna samnings við Menntamálaráðuneytis um fasta upphæð úr ríkissjóði til að bæta samtökunum upp verulegt tekjutap eftir margra ára eftirrekstur. Árið 2017 voru tekjur samtakanna frá IHM rúmlega 11 milljónir, sem er töluverð hækkun frá tæplega 90 þúsund kr tekjum frá IHM á árinu 2016.

6. Skrifstofa Myndstefs og starfsmannahald

Aðalheiður Dögg tók við starfi framkvæmdastjóra í mars árið 2017. Hún tók við af Ólöfu Pálsdóttur sem sinnt hefur því starfi undanfarin ár og kunnum við henni bestu þakkir fyrir hennar störf hjá Myndstefi.

Eins og ljóst var á síðasta aðalfundi fór Harpa Fönn, lögfræðingur samtakanna, í fæðingarorlof 1. september 2017. Gerður var tímabundinn verktakasamningur við Önnu Finnbogadóttur, lögfræðing, sem leysti Hörpu af við brýnustu verkefni samtakanna. Anna sinnti því starfi til 1. apríl 2018, en þá mætti Harpa Fönn aftur til starfa. Myndstef þakkar Önnu fyrir gott samstarf.

Harpa Fönn og Aðalheiður Dögg eru einu starfsmennirnir á skrifstofu Myndstefs, sem er sem fyrr á sama stað að í Hafnarstræti 16 og deilir húsnæði með SÍM.

7. Samstarf við erlend höfundaréttarsamtök

Samstarf hefur verið með Myndstefi og VISDA (áður CopyDan), BUS, Kuvasto og BONO þ.e. systursamtaka Myndstefs á Norðurlöndunum. Samstarfið fellst aðallega í því að fulltrúar frá þessum samtökum hittast einu sinni á ári til skiptis í höfuðborgum landanna, upplýsa það sem er efst á baugi í höfundarétti í hverju landanna fyrir sig og bera að öðru leiti saman bækur sínar. Að auki innheimta félögin greiðslur til handa félagsmönnum allra samtakanna.

8. Lokaorð

Ljóst er að staða Myndstefs er betri nú en hún hefur nokkru sinni verið rekstrartekjur hafa aukist um tæplega 41% frá árinu á undan eða um 10,7 mkr. Tekjur vegna höfundarréttar hafa hækkað úr 22,2 m.kr. á árinu 2016 í 31,8 m.kr. á árinu 2017 eða um rúm 43%. Helsta ástæðan fyrir þessari hækkun er að tekjur Myndstefs frá IHM hafa aftur skilað sér eftir nokkur mögur ár og að sama skapi hafa innlend og erlend fylgiráttargjöld hækkað milli ára um rúm 49% eða um 1,7 mkr.

Rekstrargjöld hafa einnig lækkað um hátt á aðra milljón króna milli ára. Rekstrarkostnaður hefur hins vegar hækkað milli ára og mun þar vera um einskiptiskostnað við endurnýjun á tölvubúnaði og aðkeyptri þjónustu vegna bókhalds.

Hagnaður til ráðstöfunar hækkar sem sagt milli ára um rúm 168% og nemur 19,4 milljónum króna. Þannig að við getum vel við unað.

Árið 2017 lækkuðum við styrki lítillega í varúðarskini vegna óvissu um tekjur frá IHM og Fjölís en í ljósi mjög bættar stöðu og methagnaðs má sterklega búast við að við hækkuðum styrki og fjölgum þeim, sem er fagnaðarefni og gott mál.

Í framhaldinu má svo gera ráð fyrir auknum tekjum frá samningum Myndstefs við Safnaráð og stóru listasöfnin sem hafa staðið yfir undanfarið. Stefna þeir samningar að því að gera alla myndlist og safnaarfinn opinn á netinu öllum til fróðleiks og skemmtunar. Eru það hagsmunir höfunda að verk þeirra séu kynnt og sýnd á netinu svo og safnanna að geta birt löglega allt sitt efni.

Á árinu 2017 hélt stjórn Myndstefs framhaldsaðalfund til þess að samþykkja breyttar samþykktir félagsins í samræmi við breytt lög. Ekki hefur þeim þó verið svo breytt að við öðlumst fullgildingu Menntamálaráðuneytisins, enda stendur á ráðuneytinu um það hvernig skuli orða hlutina svo þeir geti samþykkt breytingarnar. Því má búast við því að stjórn þurfi aftur á þessu ári að boða til framhalds-aðalfundar til að kippa þessum hlutum í lag enda er það okkur nauðsynlegt til þess að samningar Myndstefs við Safnaráð og Listasöfnin öðlist lögformlegt gildi.

Vinna við breytingatillögur samþykta Myndstefs er í höndum Aðalheiðar og Hörpu Fannar, sem starfa náið með öðrum höfundaréttarsamtökum þar sem öll samtökin þurfa að gera þessar nauðsynlegu breytingar.

Ljóst var fyrir einhverju síðan að þörf væri á nýrri heimasíðu Myndstefs og nýs innra kerfis sem heldur utan um félagsmenn, greiðslur, úthlutanir og fleira.

Ný heimasíða er í vinnslu og gert er ráð fyrir að hún opni fljótlega. Með opnun hennar verða upplýsingar um Myndstef, öflun leyfis endurbirtingar, fræðsla fyrir höfunda, styrk-og aðildarumsóknir og margt fleira talsvert aðgengilegra og auðveldara.

Einnig er hafið samtal milli Stef og annarra samtaka um samnýtingu á innrakerfi sem byggist á núverandi kerfi Stefs. Ljóst er að einhver kostnaður fari í það en nauðsynlegt er að fá nýtt kerfi sem veitir aukið öryggi gagna og auðveldar störf skrifstofunnar til muna.

Ragnar Th Sigurðsson